

Þingeyjarsveit
Atli Steinn Sveinbjörnsson
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík, 3. febrúar 2023
UST202212-189/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Breyting á deiliskipulagi - Vogar 1 - Þingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Voga 1 í Þingeyjarsveit.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að breyta veglínu á nýjum aðkomuveg. Einnig er skilgreind lóð F1 fyrir núverandi frístundahús, ný lóð F9 er skilgreind fyrir 80 m² frístundahús, byggingareitur Þ7 fyrir 100 m² ferðaþjónustuhús er færður til vesturs og verður að þriggja íbúða starfsmannahúsi þar sem byggingarmagn er 200 m² og svo er norðurenda aðkomuvegar að ferðaþjónustusvæði breytt.

Mývatn

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir vegi sem mun raska jarðmyndunum innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár segir að löggin eiga að tryggja verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Í 3. gr. laganna segir að óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

Umhverfisstofnun telur að veglagnir muni hafa neikvæð áhrif á markmið verndunarinnar hvað varðar jarðmyndanir.

Framkvæmdir á aðliggjandi svæðum

Hluti verkefnisins sem er hér til umfjöllunar er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og hluti utan þess. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögunni sé fjallað um hvort framkvæmdir utan verndarsvæðisins geti á einhvern hátt haft áhrif á hið friðlýsta svæði. Í 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis.

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt.

Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Að mati Umhverfisstofnunar mun rask á hrauni utan og á jaðri verndarsvæðisins hafa neikvæð áhrif á verndargildi þess. Stofnunin telur því að leita þurfi umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmda- og/eða byggingarleyfið, áður en það er veitt.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins er hraun sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og mun tillagan raska því. Umhverfisstofnun telur að tillagan muni valda óafturkræfu raski á hrauni sem mun hafa neikvæð áhrif.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Umhverfisstofnun fékk svör frá sveitarfélaginu dags. 2. febrúar 2023 að við mat á því hvaða brýna nauðsyn var til staðar sem réttlætti röskunina á hrauninu var litið til þess að landeigandi ætti ekki kost á annarri staðsetningu utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og að brýn nauðsyn sé að raska hrauninu til þess að samfélagið við Mývatn geti þrífist.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun fær ekki séð hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina en einungis er fjallað um einkahagsmuni í svörum sveitarfélagsins og í greinargerð tillögunnar. Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð þarf að fjalla um hvaða mjög ríku hagsmunir og brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á hrauninu, en það kemur ekki fram.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun sveitarfélaginu á að til að ná markmiðum um uppbyggingu frístundabyggðar, ferðaþjónustu og þjónustuhúsa er hægt að líta til annarra svæða (annara valkosta) innan sveitarfélagsins, utan verndarsvæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og verndarsvæði sem falla undir sérlög. Með því væri hægt að ná markmiðum sveitarfélagsins um uppbyggingu frístundabyggðar og ferðaþjónustu og ná þeim markmiðum að vernda svæði sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Framkvæmdaleyfi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruvinnjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyribæri sem verða fyrir röskun.

Leyfisveitingar

Líkt og kemur fram í greinargerð er svæðið verndað samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nánar er mælt fyrir um verndun Mývatns og Laxár í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Í 2. mgr. 3. gr. laganna og 3. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar segir: „*Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.*“

Umhverfisstofnun veitir hér með umsögn um skipulagstillöguna, en bendir á að með umsögninni hefur stofnunin ekki fallist á skipulagsáætlunina í framangreindum skilningi. Leita skal því leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins, sbr. 3. gr. laga nr. 97/2004 og 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að stofnunin fái teikningu með afmörkun á byggingargrunni frístundarhússins (F9). Þar sem húsið liggur við mörk friðlýsta svæðisins bendir stofnunin á að mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis Umhverfisstofnunar. Sjái framkvæmdaraðili fram á að grunnurinn fari inn á friðlandið þá þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur